

Hafnarfjarðarbær
Innk: 6/10 2015
Mátsnr: 1212008
Préfal: 101

**EFTIRLITSNEFND MEÐ
FJÁRMÁLUM SVEITARFÉLAGA**

EFS

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar
Ráðhús Hafnarfjarðar
220 Hafnarfjörður

Imanríkisráðuneytið
Sölvhólgötu 7, 150 Reykjavík
Sími 545 9000, netfang: postur@irr.is

Reykjavík 28. september 2015

Tilv.: IRR15010143/18.11.3

Efni: Fjármál Hafnarfjarðarbæjar.

Visað er í bréf Hafnarfjarðarbæjar dags. 24. júlí 2015 og árschlutauppgjör sveitarfélagsins fyrir fyrri helming ársins 2015.

Í bréfi Hafnarfjarðarbæjar er meðal annars gerð grein fyrir ófyrirséðum frávikum í rekstri sveitarfélagsins árið 2015 að fjárhæð 760 mkr. Litið til árschlutauppgjörs fyrir fyrri helming ársins 2015 er ljóst að fjármál sveitarfélagsins eru að þróast á neikvæðan hátt samanborið við fjárhagsáætlun, þar sem rekstrarniðurstaða A-hluta er neikvæð um 601 mkr. og fyrir samstæðu neikvæð um 388 mkr.

Þegar litið er til aðlögunaráætlunar sveitarfélagsins og ákvæða sveitarstjórnarlaga, er bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar hvött til að leita allra leiða til hagræðingar í rekstri sveitarfélagsins svo jafnvægis- og skuldareglu sveitarstjórnarlaga verði uppfylltar. Jafnframt bendir eftirlitsnefndin á að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er ekki í samræmi við samþykktu aðlögunaráætlun þess. Fulltrúar sveitarfélagsins hafa nefnt á fundum með nefndinni vilja til að breyta gildandi aðlögunaráætlun en enn hefur ekki komið fram formleg beiðni þessa efnis í samræmi við ákvæði í 18. gr. reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

Með vísan til ofangreindra atriða leggur eftirlitsnefndin fyrir Hafnarfjarðarbæ að gera áætlanir sínar í samræmi við gildandi aðlögunaráætlun eða senda nefndinni rökstudda beiðni um að fá heimild til þess að endurskoða áður samþykktu aðlögunaráætlun sveitarfélagsins eigi síðar en 1. nóvember 2015.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga


Pórir Ólafsson
formaður


Eiríkur Benónýsson